



# 3. bekkur

## Kennsluáætlanir



# Grunnskóli Fjallabyggðar

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er unnið með þema þar sem hæfniviðmið úr Aðalnámsskrá Grunnskólans er höfð til hliðsjónar.

Hvert þema tekur um 5-6 vikur



- ✓ Heilbrigði og velferð
- ✓ Sjálfbærni
- ✓ Læsi
- ✓ Jafnrétti
- ✓ Sköpun
- ✓ Lýðræði og mannréttindi

# Efnisyfirlit

Enska .....	bls 4
Heimilisfræði .....	bls 7
Hönnun og smíði .....	bls 9
Íslenska .....	bls 11
Íþróttir .....	bls 15
Leikræn tjáning .....	bls 17
Náttúrugreinar .....	bls 20
Samfélagsgreinar .....	bls 28
Sjónlistir .....	bls 34
Stærðfræði .....	bls 36
Sviðslistir .....	bls 45
Sund .....	bls 47
Textílmennt .....	bls 49
Tónmennt .....	bls 51
Upplýsingamennt .....	bls 53

# Enska

## **Markmið - Hvað ætlum við að læra?**

Að læra einfaldar setningar í samskiptum í kennslustofunni.

Að læra að kynna sig og segja frá fjölskyldu sinni og áhugamálum.

## **Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Vinnubók " Right on" meðfylgjandi diskur með söng tengd vinnubók.

Orðasjóður, námsefni til málörvunar ásamt útprintun á stökum vinnublöðum tengd kennslfyrir sig. Meg and Mog léttlestrarbækur. Ipad, kennsluefni í ennsku fyrir byrjendur.

## **Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

Innlögn kennsluefnis dagsins. Söngur tengdur viðfangsefni kennslustundar, litað og teiknað í vinnubók. Unnið í Ipad ásamt efni um Meg and Mog, sótt á youtube.

Málörvun, sbr. spurt og svarað.

## **Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

Virgni í kennslustundum og vinnubókarmat. Sjálfsmat.

# Enska

## Viðmið úr námskrá

### Enska við lok 1. stigs - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

### Enska við lok 1. stigs - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.

### Enska við lok 1. stigs - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

### Enska við lok 1. stigs - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

### GF enska 3. bekkur - Hlustun

- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.

### GF enska 3. bekkur - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

# Enska

## Viðmið úr námskrá

### GF enska 3. bekkur

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennarar: Inga Bryndís Ingvarsdóttir, Anna Rósa Vigfúsdóttir og Malín Mist Jónsdóttir

# Heimilisfræði

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Umgengni í eldhúsi og meðhöndlun eldhúsáhalda og tækja, einnig hvað þarf að varast.
- Áhersla lögð á vinnugleði, kurteisi og snyrtimennsku. Nemendur læra sjálfstæði í vinnubrögðum.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Heimilisfræði 2
- Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?
- Innlögn, sýnikennsla og verklegar æfingar ásamt vinnubók.

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Fari eftir fyrirmælum kennara
- Sýni öðrum kurteisi og tillitssemi sýni frumkvæði og áhuga
- Taki virkan þátt í tímum
- Eigi góð samskipti við aðra
- Gangi vel og snyrtilega um.

# Heimilisfræði

## Viðmið úr námskrá

### **GF heimilisfræði 3.bekkur - Matur og lífshættir**

- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- Valið hollan mat

### **GF heimilisfræði 3.bekkur - Matur og vinnubrögð**

- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsahöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni





# Hönnun og smíði

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Við ætlum að læra að bora, saga, pússa. Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Við notum smíðabækur, teikningar og tölvur til þess að fá hugmyndir.

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Hlusta vel og reyna að gera sitt besta.

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennari: Constantin Bors



# Hönnun og smíði

## Viðmið úr námskrá

### **GF hönnun og smíði 3.bekkur - Handverk**

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.

### **GF hönnun og smíði 3.bekkur - Hönnun og tækni**

- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit

### **GF hönnun og smíði 3.bekkur - Umhverfi**

- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

# Íslenska

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- kynnist og vinni með málsgreinar; að byrja á stórum staf og enda á punkt
- kynnist og vinni með samsett orð
- kynnist og vinni með samheiti og andheiti
- kynnist og vinni með sérnöfn og samnöfn
- kynnist og vinni með kyn orða og tölu
- kynnist og vinni með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- auki orðaforða sinn
- þjálfist í lestrarfærni (leshraða og lesskilning)
- þjálfist í vali á lesefni við hæfi
- þjálfist í ritun
- þjálfist í töluðu máli og framkomu

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Ýmsar lestrarbækur sem innihalda gæðatexta
- Ritrún 1, 2, 3
- Litla Lesrún
- Skriftarbækur
- Stílabækur
- Ýmsar vefsíður: [mms.is](http://mms.is), [skolavefurinn.is](http://skolavefurinn.is), [123skoli.is](http://123skoli.is) og [kennarinn.is](http://kennarinn.is)

# Íslenska

## **Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

- Byrjendalæsi þar sem við m.a. samþættum náttúrugreinar með samfélagsgreinum og íslensku.
- Sjálfstæð skapandi vinnubrögð
- Samvinnunám

## **Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

Símat eins og kennaramat/leiðsagnarmat og sjálfsmat Kannanir

# Íslenska

## Viðmið úr námskrá

### GF íslenska 3. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

### GF íslenska 3. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

# Íslenska

## Viðmið úr námskrá

### GF íslenska 3. bekkur - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

### GF íslenska 3. bekkur - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.



# Íþróttir

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum
- Notað einföld hugtök sem tengjast íþróttum og líkamlegri áreynslu
- Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga
- Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum, tekið þátt í hinum ýmsu leikjum og æfingum
- Tekið þátt í umræðum um ýmis samskiptaform, s.s. jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós, neikvæðum samskiptaformum eins og stríðni og einelti.

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Notumst við þau áhöld sem eiga við hverju sinni; bolta, sippubönd, kistur, kubba, dýnur, trampolín, kaðla, badmintonspaða o.fl.

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Fjölbreyttar verkefnaáriðar kennsluaðferðir. Leiðsögn frá kennara, umræður, sýnikennsla, einstaklings- para- eða hópavinna og æfingar.

# Íþróttir

## Viðmið úr námskrá

### **GF íþróttir 1.-4.bekkur - Líkamsvitund, leikni og afkastageta**

- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
- Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.

### **GF íþróttir 1.-4.bekkur - Félagslegir þættir**

- Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
- Tekið vel eftir fyrirætlum og unnið í samræmi við þau.

### **GF íþróttir 1.-4.bekkur - Heilsa og efling þekkingar**

- Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.
- Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.

### **GF íþróttir 1.-4.bekkur - Öryggis og skipulagsreglur**

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.



# Leikræn tjáning

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Að koma fram og taka þátt í leikrænu ferli.
- Að læra stuttan texta og flytja hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- Að sýna viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum og sýna skólasystkinum okkar tillitssemi.
- Að setja saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Að þjálfast í því að setja sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og taka þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Að segja frá og lýsa leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá sögupræði, innihaldi og persónum í verkinu.
- Að nota einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Að geta notað eifalt form leiklistar.

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ævintýrabækur - Leikrit –Leiki – Spil - Myndbönd



# Leikræn tjáning

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Bekkjarfundir.
- Samræður.
- Sjálfstæð skapandi vinnubrögð
- Samvinnunám

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Símat, sjálfsmat og leiðsagnarmat.

# Leikræn tjáning

## Viðmið úr námskrá

Tekið tillit til jafningja í samstarfi.

### GF sviðslistir 3. bekkur - Leiklist

- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.
- Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum.
- Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá sögupræði, innihaldi og persónum í verkinu.
- Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Beitt einföldu formi leiklistar.



# Náttúrugreinar

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

### Markmiðið með Komdu og skoðaðu eldhúsið er að nemendur:

- geri athuganir á því hvað gerist þegar ýmis efni eru leyst upp í vatni
- geri tilraunir um áhrif mismunandi hitastigs á leysni efna
- geri athuganir á hvernig ýmis efni breytast við hita og kulda
- skoði rafmagnstækin í eldhúsinu og ræði um hvaða tilgangi þau þjóna
- fjalli um hvers vegna er mikilvægt að spara orku og endurvinna hluti
- beri saman áhöld og tæki við matargerð fyrir og nú
- þekki geymslu matvæla fyrir og nú
- geri sér grein fyrir að ýmis utanaðkomandi efni eru skaðleg líkamanum
- geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matargerð
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að hjálpast að við heimilisstörfin
- kynnist fjölbreytilegum vinnubrögðum
- þjálfist í að skiptast á skoðunum og hlusta á aðra

# Náttúrugreinar

**Markmiðið með Komdu og skoðaðu hringrásir er að nemendur læri um og öðlist vissan skilning á:**

- hringrás vatnsins, að sama vatnið er notað aftur og aftur.
- að önnur efni eru á sambærilegum hringrásum og vatnið um veröldina.
- að allar lífverur eiga sér ákveðna lífsferla sem ganga hring eftir hring eða í spíral.
- að plöntur eru undirstaða lífs á jörðu og veita dýrum og mönnum bæði fæðu og súrefni.
- að allt efni er samsett úr frumefnum sem eru á stöðugri ferð úr einu efnasambandinu í annað.
- að í náttúrunni er í raun ekkert rusl, úrgangur frá einni lífveru er hráefni fyrir aðra.
- að langmest af orku jarðar kemur frá sólinni og knýr ferla hennar.
- að jörðin er ekki óendanlega stór heldur er hún takmörkuð að stærð og öll efni því til í takmörkuðu magni og þess vegna eru hringrásir efna nauðsynlegar.
- að fólk verður að temja sér að lifa í samræmi við hringrásir náttúrunnar og t.d. endurnýta og endurvinna hluti.
- meginmarkmiðið er þó að nemendur átti sig á að allt í umhverfi og náttúru er hvað öðru háð, hvergi er í raun upphaf eða endir frekar en í hringforminu.

# Náttúrugreinar

## **Markmiðið með Komdu og skoðaðu landakort er að hjálpa nemendum að:**

- átta sig á umhverfi sínu bæði úti og inni, rata um það, læra að fara eftir leiðbeiningum og geta vísað öðrum til vegar
- kynnast loftmyndum og gildi þeirra við landkönnun og kortagerð
- átta sig á hvernig kort eru unnin eftir loftmyndum og að bera saman ljósmynd, loftmynd og kort af sama stað
- skilja stærðarkvarða loftmynda og korta
- læra að þekkja áttirnar og vita hvers vegna sú þekking er mikilvæg
- læra að lesa landakort, vita hvernig þau snúa og þekkja helstu tákn þeirra og liti
- kynnast aðferðum við að rata og hvernig kort hjálpa til
- læri að lesa ákveðna staðsetningu af korti (rúðustrikuðu)
- læra að mæla fjarlægðir á landakorti
- sjá hvernig landslag er túlkað á kortum á fleiri en einn veg
- skoða hnattlíkan, vita hvernig það snýr og að þekkja pólana og baugana
- læra að finna ákveðna staði á korti og lönd og höf á hnattlíkani
- átta sig á að kort geta verið ónákvæm af ýmsum ástæðum
- kynnast mikilvægi korta í daglegu lífi

# Náttúrugreinar

## Markmiðið með Komdu og skoðaðu tæknina er:

- að opna augu nemenda fyrir þeirri tækni sem við búum við nú á dögum, tækni sem oft virðist vera sjálfsögð og nánast sjálfsprottin.
- að sýna fram á hvernig líf manna hefur breyst í aldanna rás og þátt tækninnar í þeim breytingum.
- að sýna börnum fram á að hver einstaklingur getur hugsað og býr yfir hugviti sem er uppspretta nýjunga á öllum sviðum



# Náttúrugreinar

## **Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Komdu og skoðu eldhúsið Komdu og skoðu hringrásir Komdu og skoðu landakort Komdu og skoðu tæknina Fræðslumyndir  
Námsefni á mms.is  
Veraldarvefurinn og ýmsar aðrar heimildir

## **Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

- Byrjendalæsi
- Hópaverkefni, paraverkefni, einstaklingsvinna.
- Vettvangsferðir, þemanám, innlifunaraðferðir, skapandi verkefni.

## **Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

- Símat, sjálfsmat og leiðsagnarmat.



# Náttúrugreinar

## Viðmið úr námskrá

### **GF náttúrugreinar – verklag 3.bekkur - Geta til aðgerða**

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

### **GF náttúrugreinar - verklag 2.bekkur - Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

### **GF náttúrugreinar - verklag 2.bekkur - Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.

# Náttúrugreinar

## Viðmið úr námskrá

### GF náttúrugreinar verklag 3. bekkur - Ábyrgð á umhverfinu

- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.

### GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Að búa á jörðinni

- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.
- Lýst landnotkun í heimabyggð.
- Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.

### GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Lífsskilyrði manna

- Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans.
- Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.
- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.

# Náttúrugreinar

## Viðmið úr námskrá

### GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Náttúra Íslands

- Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
- Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda.
- Greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi.
- Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

### GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Heilbrigði umhverfisins

- Fjallað um samspil manns og náttúru.
- Sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra.
- Flokkað úrgang.
- Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita.

### GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.
- Sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla.
- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.
- Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.
- Lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita.

# Samfélagsgreinar

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmiðið er að nemendur:

- kynnist þáttum sem tengjast heilbrigði og velferð
- þekki sjálfa sig, fjölskyldu sína og uppruna
- þekki eigin líðan og sjálfa sig sem námsmann og manneskju í samfélagi manna.
- þekki sína eigin styrkleika og veikleika og annarra.
- þekki skráðar og óskráðar reglur.
- kynnist þáttum sem tengjast jafnrétti
- þekki nokkur trúarbrögð, siði og venjur
- þekki kynhlutverk og jafnrétti kynjanna
- þekki hvað átt er við með fordómum
- þekki hugtakið fjölmening
- kynnist þáttum sem tengjast mannréttindum og lýðræði
- þekki barnasáttmálann

# Samfélagsgreinar

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmiðið er að nemendur:

- þekki hvað átt er við með flóttamenn, stríð, fátækt og hungur
- kynnist þáttum sem tengjast sjálfbærni
- þekki umhverfið og náttúruna
- þekki grænu skrefin
- þekki vistspor sitt og kostnað náttúrunnar
- kynnist þáttum sem tengjast læsi (í viðum skilningi)
- þekki ýmsar leiðir hlustunar
- þekki ýmsar leiðir tjáningar
- þekki ýmsar leiðir ritunar
- kynnist þáttum sem tengjast sköpun
- þekki sköpunarferli
- þekki ólík form sköpunar

# Samfélagsgreinar

## **Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Bækur um sjálfsþekkingu, fjölmenningu, mannréttindi og lýðræði, jafnrétti og trúarbrögð

Komdu og skoðu eldhúsið hringrásir, landakortin og tæknina.

Námsefni uppbyggingarstefnunnar - Uppeldi til ábyrgðar

Barnasáttmálann

Bókaflokkurinn Börn í heimi

Grænu skrefin

Fræðslumyndir

Veraldarvefurinn

## **Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

- Þemanám - Byrjendalæsi
- Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð
- Vettvangsferðir
- Innlifunaraðferðir

## **Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

- Símat eins og kennaramat/leiðsagnarmat og sjálfsmat

# Samfélagsgreinar

## Viðmið úr námskrá

### GF samfélagsgreinar 3. bekkur - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning:

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.
- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.

# Samfélagsgreinar

## Viðmið úr námskrá

### GF samfélagsgreinar 3. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmynd

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.
- Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.



# Samfélagsgreinar

## Viðmið úr námskrá

### GF samfélagsgreinar 3. bekkur - Félagsheimur – Samskipti

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

# Sjónlistir

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Þekkja litina, grunnlitina og muninn á heitum og köldum lit
- Tjá tilfinningar, skoðanir og hugarheim okkar í myndverki á einfaldan hátt
- Greint mismunandi aðferðir í listsköpun
- Hvernig við getum endurnýtt hluti eins og pappír

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Málningu, pensla, blýanta, pappír, lím, og alla liti (tré-,túss-,klessu-,vax-, krítarliti og fleira)
- Námsefni búið til af kennara
- Hugmyndir frá nemendum

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Einstaklingsvinna, hópaverkefni, þemanám, samþætting námsgreina og skapandi verkefni.

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Símat jafnt og þétt yfir veturinn ásamt sjálfsmati.

# Sjónlistir

## Viðmið úr námskrá

### GF sjónlistir 3.bekkur - Sjónlistir

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Fjallað um eigin verk og annarra.
- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.

# Stærðfræði

**Markmið - Hvað ætlum við að læra?**

**Sproti 3a**

**Upplýsingar og tölfræði**

- Að flokka og telja
- Að búa til súlurit
- Að lesa úr súluritum og töflum
- Að nota talningarstrik þegar það á við

**Þriggja stafa tölur**

- Að telja upp í 1000
- Að skipta tölu upp í hundruð, tugi og einingar
- Að þjálfast í samlagningu talna frá 0 til 1000
- Að staðsetja tölur á talnalínu og lesa af talnalínu
- Að telja með því að „hoppa“ 1, 10 og 100 skref í einu, áfram eða aftur á bak
- Að uppgötva og halda áfram með talnarunur
- Að reikna með vasareikni

# Stærðfræði

## Mælingar

- Að mæla þyngd og lengd
- Mælingar í daglegu lífi
- Mælingar sem samanburð
- Lengdarmælingar
- Að breyta sentimetrum í metra - og öfugt
- Að breyta metrum og sentimetrum í sentimetra
- Að kynna „þúsundvinum“
- Að raða tölum eftir stærð
- Að þjálfast í frádrætti með þriggja stafa tölum

## Tími

- Að lesa af klukku tímasetningar með heilum og hálfum tímum og með stundarfjórðungum
- Að skrá tímasetningu, bæði á hefðbundinn og stafrænan hátt
- Að þekkja tímasetningu og tímalengd ýmissa athafna og atvika
- Að geta mælt tímann í mínútum
- Að þekkja skiptingu sólarhringsins í 2 x 12 klukkustundir

# Stærðfræði

## Rúmfræði

- Að þekkja þrívíð form í umhverfinu og í hinu daglega lífi
- Að þekkja eiginleika og einkenni þrívíðra forma (fletir, horn og hliðarbrúnir)
- Að teikna tvívíða mynd út frá þrívíðri mynd
- Að geta reiknað einfaldan rúmmálsreikning með því að telja teninga
- Að geta reiknað einfaldan flatarmálsreikning með því að telja ferninga

## Margföldun

- Að átta sig á að margföldun er endurtekin samlagning
- Að þekkja tví-, þrí-, fjór- og fimmtöfluna
- Að margfalda með því að nota talnalínu og rúðunet

## Deiling

- Að skipta jafnt við aðstæður í daglegu lífi
- Að átta sig á að deiling er endurtekinn frádráttur

## Samhverfa

- Að vinna með speglun og samhverfu
- Að finna spegilása
- Að búa til samhverf mynstur

# Stærðfræði

## Sproti 3b

### Kaup og sala

- Að átta sig á gildi seðla og mynta
- Að leggja saman þriggja stafa tölur
- Að draga frá þriggja stafa tölur
- Að kynnast námundun og slumpreikning

### Talnaveiðar

- Að finna óþekktan lið og kynnast bókstafnum  $x$  sem tákni fyrir óþekkta tölu
- Að skrá tölur eftir ákveðinni reglu

### Samlagning og frádráttur

- Að vinna með sætiskerfið
- Að þjálfra talnaskilning

### Rúmfræði

- Að kynnast hornum í hversdagslegu umhverfi
- Að skoða einkenni horna sem eru rétt, hvöss og gleið
- Að þekkja tengslin minni tví- og þrívíðra forma
- Að kynnast samsíða strikum, línunum og samsíðungum

# Stærðfræði

## Almenn brot

- Að kynnast almennum brotum sem hluta af heild í tengslum við hversdagslegar aðstæður
- Að skipta í jafn stóra hluta
- Að tákna brot með tölustöfum

## Margföldun 2

- Að vinna með tví-, þrí-, fjór-, fimm- og tíöfluna
- Að átta sig á því að margföldun er endurtekin samlagning
- Að kynnast margföldun í rúðuneti
- Að þekkja víxlregluna
- Að átta sig á talnamynstri; tengsl margföldunartaflanna

## Reikningur

- Að nemendur rifji upp og þjálfist í því sem þeir hafa lært
- Að leysa orðadæmi

## Hvar í rúðunetinu?

- Að kynnast mismunandi aðferðum til að ákvarða staðsetningu í rúðuneti
- Að kynnast algildri og afstæðri staðsetningu á korti



# Stærðfræði

## **Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Sproti 3a - Nemendabók og æfingahefti.

Numicon stærðfræðigögn, spil, námsleikir af mms.is, kennslupeningar, teningar, talnalínur, vasareiknar, sætisgildiskubbar o.fl.

Aukaefni:

Í undirdjúpunum - samlagning, - frádráttur, - margföldun, - deiling. Stærðfræði spæjarar. Stærðfræði lestrarbækur og ýmis ljósrituð blöð.

## **Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að nota hugtök stærðfræðinnar í samræðum, ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn og stærðfræðileiki.

## **Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

Símat eins og kennaramat/leiðsagnarmat og sjálfsmat Kannanir

# Stærðfræði

## Viðmið úr námskrá

### GF stærðfræði 3. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

### GF stærðfræði 3. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

### GF stærðfræði 3. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

# Stærðfræði

## Viðmið úr námskrá

### GF stærðfræði 3. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reiknasamlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
- Notað tugakerfisríthátt.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.

### GF stærðfræði 3. bekkur – Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

# Stærðfræði

## Viðmið úr námskrá

### GF stærðfræði 3. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.
- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- Unnið með mælikvarða og lögum.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

### GF stærðfræði 3. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
- Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.

# Sviðslistir - Dans

Leitast verður við að þjálfa nemendur í grunnþáttum dansins og markvissum dansleikjum. Dans eflir hreyfiproska nemenda og sjálfsvitund, hann stuðlar að eðlilegum samskiptum, eflir sjálfsöryggi og er gleðigjafi sem vinnur gegn streitu.

## **Markmið – Hvað ætlum við að læra?**

- Markmið okkar er að hreyfa okkur í takt við tónlist og hafa gaman af því að dansa. Við lærum barnadansa og einfalda paradansa, ásamt því að læra samskiptareglur og kurteisisvenjur í dansi. Einnig mun saga dansins vera kynnt nemendum og þá ýmis danstímabil.

## **Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

- Námsefnið kemur frá danskennara

## **Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

- Kennsluaðferðirnar eru ávalt verklegar og er lykilatriðið að vera með. Kennslustundirnar byggjast á upphitunaræfingum, teygjum, danssporum, dansvenjum, dansspuna og leikjum.

## **Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

- Námið er metið út frá þátttöku og hegðun í kennslustundum.

# Sviðslistir - Dans

## Viðmið úr námskrá

### GF sviðslistir 3. bekkur - Dans

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.
- Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.
- Rætt um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun.
- Dansað einföld hreyfimyndir og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum.
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.
- Hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin.

# Sund

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Að nemendur klári 3.sundstig
- Að nemendur bæti færni sína og tækni í sundi.
- Að nemendum líði vel í vatni
- Að nemendur fylgi fyrirmælum og leikreglum
- Að nemendur geti unnið í hóp og taki virkan þátt í kennslustundum

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Engar bækur eða gögn eru notuð í náminu en ýmis áhöld eru notuð við kennsluna, s.s. Kútar, korkur, blöðkur, hringir, boltar og fleira.

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, þar sem bæði einstaklings- og hópkenntla er notuð.

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Námið er metið í kennslustundum þar sem nemendur eru metnir í hverri kennslustund í einhverju af námsmatsatriðunum.

# Sund

## Viðmið úr námskrá

### GF sund 3.bekkur

- 10m skólabaksundsfótatök
- 6m baksund
- Fylgir fyrirmælum
- 12m bringusund
- 6m baksund með hjálpartækjum
- Fylgir leikreglum
- 12m skólabaksund með hjálpartækjum
- 8m skriðsunds fótatök með andlit í kafi án hjálpartækja
- Tekur virkan þátt



# Textílmennt

Útsaumur í java. Þræða nálar og binda hnút og ganga frá endum. Saumavélaæfingar og einfaldur vélsaumur. Þrjón (að fitja upp og fella af ). Smáverkefni til að þjálfra fínhyringar

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Útsaumur - einfaldur krosssaumur og þræðispor. Saumavélaæfingar Vélsaumur (koddi og/eða taska).
- Skreyting á verkefni. Þrjón/garðapþrjón (að fitja upp og fella af).
- Ganga frá endum. Þjálfra fínhyringar með ýmsum smáverkefnum sem áhugi er fyrir.
- Endurnýting efna eins og kostur er.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Tilfallandi efni sem til er í textilstofu og áhöld þeim tilheyrandi.

Hugmyndahefti og efni úr bókum og af vefsíðum. Verkefni miðast að áhuga og getu til vinnu.

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Sýnikennsla. Verklegar æfingar, umræður og hugmundavinna.

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Frammistaða og virkni metin skv. hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Samvinna, samskipti auk umgengni.

# Textílmennt

## Viðmið úr námskrá

### **GF textílmennt 3.bekkur - Handverk, aðferðir og tækni**

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.
- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

### **GF textílmennt 3.bekkur - Sköpun, hönnun og útfærsla**

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.

# Tónmennt

## **Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

- Hljóðfæri, námsefni búið til af kennara og hugmyndum frá nemendum.

## **Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

- Einstaklingsvinna, hópaverkefni, þemanám, samþætting námsgreina og skapandi verkefni.

## **Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámskrá grunnskóla.

# Tónmennt

## Viðmið úr námskrá

### Tónmennt fyrir 1.- 4. bekk - Tónmennt

- Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.
- Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna.
- Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.

# Upplýsingamennt

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Að öðlast skilning á meðferð og notkun tækjanna.
- Þekki grunnatriði í fingrasetningu í tölvu og geti notað litla og stóra stafi í tölvu og iPad.
- Geti notað rafræn kennsluforrit og námsefni sem hæfa aldri og getu.
- Þekki hvað er að finna á bókasafninu og hvernig safnið nýtist í þeim bæði í námi og leik.
- Læra reglur og öryggi á internetinu
- Fá að kynnast undirstöðuatriðum í forritun

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Chromebooks, Ipad, Osmo, VR-gleraugu.
- Forritunar forrit; Box Island, Run Marco, Osmo Code o.fl.
- Námsíður eins og mms.is, code.org o.fl.
- Námsefni útbúið af kennara

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Einstaklingsvinna, hópaverkefni, þemanám, samþætting námsgreina og skapandi verkefni.

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Símat jafnt og þétt yfir veturinn ásamt sjálfsmati.

# Upplýsingamennt

## Viðmið úr námskrá

### **GF upplýsingamennt - Vinnulag og vinnubrögð**

- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum
- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.

### **GF upplýsingamennt - Upplýsingaöflun og úrvinnsla**

- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.

### **GF upplýsingamennt - Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál**

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.